

Þriðjudaginn 12. marz 1940.

Nr. 9/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Nótar, félags neta-  
vinnufólks**  
gegna  
**Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Björns Bene-  
diktssonar.**

Ágreiningur út af skilningi á kaupgjaldsákvæðum vinnusam-  
nings.

#### Dómur.

Hinn 17. júní 1938 var undirritaður samningur milli Vinnu-  
veitendafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands um kaup  
og kjör fólks, sem starfar við að búa til og bæta síldarnætur,  
og hinn 23. s. m. gekk félag netaverkstæðaeigenda og félag  
netabætingafólks inn í samning þennan með áritun á hann.  
En meðlimir þessara félaga eru netagerðarmenn og neta-  
bætingafólk, búsett í Reykjavík og Hafnarfirði. Í 4. gr. sam-  
nings þessa segir svo: „Fólk það, sem vinnur við netabætingar í  
Norðurlandi um sumartímann, hafi kaup það, sem gildir þar á  
staðnum þann tíma.“

Sumarið 1938 starfrækti stefndi í máli þessu, Björn Bene-  
diktsson, netaviðgerðaverkstæði á Siglufirði. Mun starfsfólk  
hans nær eingöngu hafa verið að sunnan og meðlimir í félagi  
netavinnufólks hér. Fólki þessu greiddi hann kr. 2.02½ fyrir  
hverja klukkustund, að einum manni undanskildum, for-  
manni Nótar, sem vann hjá honum nokkra tíma, og mun  
hafa fengið fyrir vinnu sína kr. 2.25 fyrir hverja klukku-  
stund. Auk stefnda höfðu þessir menn netaviðgerðaverk-  
stæði á Siglufirði þetta sumar: Ingólfur Theodórsson og Jónas  
Halldórsson, báðir úr Reykjavík, og greiddu þeir kr. 2.25 um  
klst. Pétur Njarðvík, frá Ísafirði, er greiddi, að því er virðist,  
kr. 2.00 um klst., og loks þeir Jónas Hallgrímsson og Óli  
Konráðsson, báðir búsettir á Akureyri. Greiddi Jónas kr. 2.25  
um klst., en Óli kr. 2.25 ÷ 3%, eða kr. 2.18¼, eins og nánar  
verður vikið að síðar.

Er starfsfólk stefnda kom hingað suður að lokinni síldar-  
vertíð á Siglufirði sumarið 1938, mun það hafa farið að bera  
sig saman um kaup það, er það hafði fengið greitt, og komst  
þá að þeirri niðurstöðu, að það hefði fengið lægra kaup en

því bar, og á fundi í Nót, félagi netavinnufólks, sem haldinn var 13. des. 1938, var samþykkt að fela Alþýðusambandi Íslands að fá úr því skorið, hver réttur þess hefði verið. Alþýðusambandið höfðaði síðan mál þetta með stefnu, útg. 14. júní 1939, og hefur gert þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði skyldaður til að greiða þeim meðlimum Nótar, félags netavinnufólks, er hjá honum unnu við netabætingar á Siglufirði sumarið 1938, kr. 2.25 fyrir hverja klst., en til vara, að kaupíð verði ákveðið kr. 2.21 um klst., og til þrautavara, að kaupíð verði ákveðið eftir mati dómsins. Enn fremur hefur það krafizt málskostnaðar eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að tilgangurinn með 4. gr. áðurnefnds sannings frá 17. júní 1938 hafi verið sá, að sunnanmenn, bæði netagerðarmeistararnir og verkafólkið, skyldu hlíta þeim kaupgreiðslum, er um semdist milli netagerðarmanna og verkafólks norðanlands. Nú hafi að visu enginn netagerðarmaður, búsettur á Siglufirði, rekið þennan atvinnurekstur þar þetta sumar, og verði þá að leggja til grundvallar kaupgreiðslum stefnda það kaup, er þeir norðanmenn greiddu, sem ráku netabætingaverkstæði á Siglufirði sumarið 1938, en það voru þeir Óli Konráðsson og Jónas Hallgrímsson, báðir búsettir á Akureyri. Hafi þeir greitt: Jónas kr. 2.25 og Óli kr. 2.25 ÷ 3%, og beri stefnda því að greiða það kaup, kr. 2.25. Er aðalkrafa hans, svo sem áður segir, kr. 2.25 um tímann, en varakrafan er meðaltal þessara tveggja upphæða. Mótmælir hann því eindregið, að samið hafi verið um það, að kaupíð skyldi vera kr. 2.25 pr. klukkustund, að frá dregnum 10%, eins og stefndi heldur fram.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að einungis beri að leggja kaupgreiðslur norðlendinganna til grundvallar. Í 4. gr. áðurnefnds sannings segi, að kaupíð við netabætingar norðanlands skuli vera það, sem gildi á hverjum stað þar. Nú séu engir netagerðarmenn búsettir á Siglufirði og engin ástæða sé til þess, að láta menn búsetta á Akureyri ráða meira um kaup í þessari starfsgrein á Siglufirði heldur en sunnanmenn, enda engin heimild til slíks. Þá hafi og verið ákveðið í upphafi sildarvertíðar á Siglufirði sumarið 1938, að kauptaxtinn við netabætingar skyldi vera kr. 2.25 um klst., að frá dregnum 10% — tíu af hundraði —. Þennan kaup-

taxta hafi hann (stefndi) haldið, og greitt starfsfólki sínu kr. 2.02½ um klukkustund, og sé honum óviðkomandi, þótt sumir af netagerðarmeisturunum hafi ekki greitt samkvæmt þessum taxa. Þá hafi og Pétur Njarðvík frá Ísafirði greitt kaup samkv. taxa þessum, en þeir hafi báðir til samans greitt meira en helming þeirra vinnulauna, sem greidd voru á Siglufirði í þessari starfsgrein sumarið 1938, og hljóti það því að teljast það kaup, er gildi þar á staðnum.

Eins og áður segir, er svo kveðið á í 4. gr. samningsins frá 1938, að „fólk það, er vinnur við netabætingar á Norðurlandi um sumartímann, hafi kaup það, er gildir þar á staðnum.“ Verður að líta svo á, að samningsaðiljar, en meðlimir þeirra munu allir vera búsettir hér syðra, hafi gengizt undir það, að hlíta því kaup, sem ákveðið yrði af netagerðarmeisturum og verkafólki norðanlands, svo sem það yrði á hverjum stað, án þess að þeir hefðu iðlutunarrétt þar um.

Nú er það að visu svo, að „þar á staðnum“, þ. e. Siglufirði, var enginn netagerðarmeistari búsettur þetta sumar, og er því ekki hægt að hafa hliðsjón af kaupgreiðslum slíks manns. En þar sem svo er ekki, þykir eðlilegast að leggja til grundvallar kaupgreiðslur þeirra norðlendinga, er ráku netabætingastarfsemi á Siglufirði sumarið 1938, en það voru þeir Akureyringarnir Jónas Hallgrímsson og Óli Konráðsson. Þessu til stuðnings er og það, að Ingólfur Theodórsson hefir vottað það, að hann og umboðsmaður stefnda hafi verið sem „áheyrendur“ á fundi er Óli Konráðsson hafi haldið með verkafólki sínu á Siglufirði 15. júlí 1938, til þess að ræða um kaup það, er gilda skyldi þá um sumarið. Koma þá kaupgreiðslur Péturs Njarðvík, sem búsettur er á Ísafirði og kom með sitt starfsfólk þaðan, þegar af þessari ástæðu ekki til álita við lausn máls þessa.

Þá kemur til athugunar sú staðhæfing stefnda, að Óli og starfsfólk hans hafi samið svo um, að kaup, sem skyldi vera kr. 2.25 ÷ 10 % fyrir hverja klukkustund. Ingólfur Theodórsson hefir vottað, að svo hafa verið ákveðið á nefndum fundi, 15. júlí 1938. En ekki fór hann þó eftir þessu, þar sem hann greiddi kr. 2.25 um klst. án frádráttar. Óli segir í símskeyti til stefnda, að umtalaður taxti hafi verið kr. 2.25 ÷ 10% pr. klst., en er til framkvæmda kom, hafi hann greitt kr. 2.25 ÷ 3%, og í vitnaleiðslu á Akureyri neitar

hann því, að nokkur endanleg ákvörðun hafi verið tekin um kaupið á nefndum fundi, 15. júlí 1938. Og ekki hefir fengizt nein staðfesting á því frá starfsfólki Óla, að kaupið hafi á nefndum fundi verið ákveðið á þann hátt, er stefndi heldur fram. Þá hefir Pétur Njarðvik vottað það, að samkomulag hafi orðið milli sín og Óla og umboðsmanns stefnda á Siglufirði, að greiða verkafólkinu kr. 2.00 um klst., en enginn þeirra fór eftir þessari tilhögun nema Pétur. Loks hefir Jónas Hallgrímsson borið við vitnaleiðslu í málinu, að Óli hafi tilkynnt honum, að kauptaxtinn væri kr. 2.25. Þar sem upplýsingar um þetta atriði eru svo sundurleitar og framkvæmd kaupgreiðslanna svo margvísleg, sem raun er á, þykja ekki vera framkomnar nægar sannanir þess, að svo hafi umsamt með Óla og starfsfólki hans, að kaupið skyldi vera kr. 2.25 ÷ 10% pr. klst. Verður því, þegar af þeirri ástæðu, að leggja til grundvallar við ákvörðun kaups þess, er stefnda ber að greiða, það kaup, er starfsfólk þeirra Jónasar Hallgrímssonar og Óla Konráðssonar raunverulega bar úr bótum. Óumdeilt er, að Jónas hafi greitt kr. 2.25 pr. klst. án nokkurs frádráttar. Þá hafa og málsaðiljar orðið ásáttir um það við munnlegan flutning málsins, að ganga megi út frá því, að Óli hafi greitt kr. 2.25 ÷ 3% pr. klst. En í rekstri málsins höfðu þeir deilt um það, hvort Óli hefði raunverulega greitt þá upphæð eða kr. 2.25 án frádráttar. Samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, er Óli stærsti atvinnurekandinn í þessari starfsgrein, þeirra manna, er höfðu netaviðgerðir á Siglufirði þetta sumar, hvort heldur sem miðað er við heildarupphæð greiddra launa, eða vinnustundir, ef miðað er við heildarlaunagreiðslu hvers einstaks, deildri með tímakaupi því, er þeir greiddu hver um sig. Jónas Hallgrímsson mun hinsvegar hafa greitt í vinnulaun þetta sumar upphæð, er nemur í hæsta lagi tæpum þriðjungi þeirrar upphæðar, er Óli greiddi og var kaup hans þó 3% hærra. Með því að kaupgreiðslur Óla eru þannig svo verulegur hluti þeirra kaupgreiðslna, sem lagðar eru til grundvallar við úrlausn máls þessa, verður að telja, að kaup það, er starfsfólk hans bar úr bótum, kr. 2.25 ÷ 3% eða kr. 1.1825 um klst., hafi verið það lágmarkskaup, er stefnda bar að greiða þeim meðlimum Nótar, er hjá honum unnu við netabætingar á Siglufirði sumarið 1938, og ber því að viðurkenna rétt meðlima Nótar til þess kaups.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.  
Sökum endurtekinna vitnaleiðslna úti á landi hefir mál þetta ekki orðið tekið til munnlegs málflyttings fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Þeim meðlimum Nótar, félags netavinnufólks, sem unnu að netabætingum hjá stefnda, Birni Benediktssyni, á Siglufirði sumarið 1938, bar í kaup kr. 2.25 ÷ 3% eða kr. 2.1825 fyrir hverja klukkustund.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 16. apríl, 1940.

Nr. 2/1940. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Brynju  
gegn  
Ingimundi Hjálmarssyni.

Mál út af ákvæðum vinnusamnings um forgangsrétt til vinnu.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkakvinnafélagsins Brynju á Seyðisfirði gegn Ingimundi Hjálmarssyni á Seyðisfirði með stefnu, dags. 3. febr. s. l., og hefir stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði skyldaður til þess að láta verkakonur, sem eru gildir meðlimir í verkakvinnafélaginu Brynju á Seyðisfirði, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkakvinnavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir Brynju bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta, og er honum þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega, sbr. 52. gr. laga nr. 80/1938.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á kauptaxta eða samningi, sem stefndi ásamt öðrum hefur undirritað, og gildir kauptaxti þessi eða samningur eftir innihaldi sínu frá 1. apríl 1939 til jafnlengdar 1940. En stefnandi telur, að stefndi hafi á umræddu tímabili brotið ákvæði 1. gr. samnings þessa. Með því að dómkröfur stefnanda eru í samræmi við